

Vegagerðin, Norðaustursvæði
Helga Aðalgeirs dóttir,
verkefnisstjóri
landslagsarkitekt
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. ágúst 2012
Tilvísun: UST20120700069/bs

Vestfjarðavegur (60) Bjarkalundur - Melanes. Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar dags. 6. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög að tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drög:

Frágangur

Á bls. 21 segir m.a. um frágang skeringa og náma: *Skeringar og námur verða sléttuðar í samræmi við landslag og umhverfi.*

Umhverfisstofnun telur notkun orðsins sléttun óheppilega í því samhengi sem hér um ræðir. Sléttun vísar til eldri vinnubragða sem viðhöfð voru við frágang raskaðra svæða. Betur færí á að nota mótun í stað sléttunar, sem væri í meira samræmi við kröfur um að móta röskuð svæði í líkingu við landform á óröskuðu landi utan skeringa og náma.

Á bls. 21 segir m.a. um frágang aflagðra vega: *Haft verður samráð við landeigendur og sveitarstjórn á svæðinu um hvað gera skuli við þá hluta núverandi vegar sem verða aflagðir.*

Umhverfisstofnun telur að Vegagerðin eigi að hafa forgöngu um að fjarlægja aflagða vegkafla þegar engin skilgreind not eru fyrir þessa kafla. Leggja ætti áherslu á að fjarlægja efni sem t.d. mætti nota í fláafleyga í stað þess að jafna aflagða kafla út, þar sem ekki er völ á að afmá ummerki um veginn með t.d. uppgræðslu eða skógrækt.

Til að draga úr áhrifum á landslag telur Umhverfisstofnun að leggja eigi áherslu á að fjarlægja öll ummerki um núverandi veg um Ódrjúgsháls.

Kostir

Umhverfisstofnun hefur lagt mikla áherslu á að við mannvirkjagerð verði leitast við að endurbyggja þau mannvirki sem fyrir eru og að nýtt verði núverandi mannvirkjabelti eins og kostur er í stað þess að taka ný landsvæði undir mannvirki. Umhverfisstofnun telur að Leið I sé ekki góður kostur hvað landnýtingu varðar þar sem leiðin liggur nánast alfarið um óraskað land, sem ýmist er á náttúrumínjaskrá eða innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Auk þess mun vegur lagður skv. leið I kalla á enn frekari vegagerð í Djúpafirði og veglagingu frá nýjum

Vestfjarðavegi að Reykhólasveitarvegi. Umhverfisstofnun vill benda á að leið I liggur um óraskað svæði sem talið er hafa mikið náttúruverndargildi. Vafalítið mun verðmæti slíkra svæða aukast í framtíðinni, því ætti ekki að fjalla um leið I sem valkost.

Varðandi valkost Vegagerðarinnar, þ.e. D1 telur Umhverfisstofnun að þegar hafi verði fjallað um umhverfisáhrif þeirrar leiðar að jarðgöngum undanskildum. Einnig hefur Skipulagsstofnun fallist á þá leið með skilyrðum.

Samhengi

Umhverfisstofnun telur að þegar fjallað er um forsendur fyrirhugaðra framkvæmda verði ávinnungur eins og t.d. ferðahraði og greiðfærni ekki eingöngu bundin við fyrirhuguð framkvæmdasvæði heldur skoðuð í stærra samhengi s.s. áhrif á ferðatíma og greiðfærni frá Ísafirði og Patreksfirði til Reykjavíkur. Á þennan hátt mætti skoða áhrif á ferðatíma vegna minni hraða í jarðgöngum undir Hjallaháls sbr. bls. 19 í drögum.

Jarðgöng


Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir samspili jarðgangagerðar og þverunar Þorskafjarðar annars vegar og hins vegar efnistöku vegna þverunar Þorskafjarðar ef ekki verður af jarðgangagerð undir Hjallaháls.


Efnispörf og efnistaka

Í drögum að tillögu að matsáætlun leggur Vegagerðin til svo takmarka megi röskun að endanlegar efnisrannsóknir fari ekki fram fyrr en mat á umhverfisáhrifum framkvæmda telst lokið. Umhverfisstofnun tekur undir ofangreinda tillögu Vegagerðarinnar, sem felur í sér að efnisrannsóknir með stórvirkum vinnuvélum verði einskorðaðar við framkvæmdasvæði. Í frestun rannsókna felst að ákveðin óvissa verður varðandi umhverfisáhrif sem efnistakan gæti haft í för með sér, en þau áhrif eru að öllum líkindum hverfandi í samburði við sjálfar framkvæmdirnar sem fyrirhugað er að ráðast í.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Gutormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson